

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 114/2000

frá 22. desember 2000

um breytingu á bókun 4 við EES-samninginn
um upprunareglur

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 4 við EES-samninginn var breytt með ákvörðun EES-nefndarinnar nr. 188/1999 frá 17. desember 1999⁽¹⁾.
- 2) Ákveðnar tæknilegar breytingar eru gerðar til að leiðrétta ósamræmi í mismunandi tungumálaútgáfum textans.
- 3) Nauðsynlegt er að breyta skránni yfir ófullnægjandi aðvinnslu efna til að tryggja rétta túlkun og til að taka mið af því að þörf er á að telja með ákveðnar aðgerðir sem hingað til hafa ekki verið hluti af þessari skrá.
- 4) Nauðsynlegt er að taka upp aðskilið bókhald fyrir upprunaefni og efni sem ekki eru upprunaefni, með fyrirvara um leyfi tollýfirvalda.
- 5) Rétt er að endurskoða ákvæðin um fjárhæðir sem eru gefna upp í evrum til þess að skýra málsmeðferð og stuðla að meiri stöðugleika með tilliti til fjárhæða í innlendum gjaldmiðli.
- 6) Til að taka mið af þeim tilvikum þegar ákveðið efni er ekki framleitt í viðkomandi löndum verður að leiðrétta skrána yfir aðvinnslukröfur sem efni, sem ekki teljast upprunnin, verða að fullnægja til þess að öðlast upprunaréttindi.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á bókun 4 við samninginn:

1. Eftirfarandi komi í stað i-liðar 1. gr.:

„i) „virðisauki“: verksmiðjuverð að frádregnu tollverði hvers efnis sem er notað og upprunnið í öðru landi sem getur í 3. gr., eða, ef tollverð er ekki þekkt og ekki verður sýnt fram hvert það er, fyrsta verð sem sýnt er fram á að greitt hafi verið fyrir slíkt efni á EES-svæðinu.“;

2. Eftirfarandi komi í stað 6. gr.:

„6. gr.

Ófullnægjandi aðvinnsla

1. Með fyrirvara um 2. mgr. teljast eftirfarandi aðgerðir ófullnægjandi aðvinnsla sem ekki veitir upprunaréttindi óháð því hvort kröfum 5. gr. hefur verið fullnægt:

- a) aðgerðir til að tryggja að framleiðsluvörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur;
- b) uppskipting eða sameining vörusendinga;
- c) þvottur, hreinsun; ryk, ryð, olía, málning og annað yfirborðsefni fjarlæggt;
- d) straujun og pressun textílefna;
- e) einfaldar aðgerðir til að mála og fægja;

- f) afhýðing, bleiking í heild eða að hluta, slípun og sykurlúðun korns og hrísgrjóna;
- g) aðgerðir til að lita sykurl eða búa til sykurmola;
- h) aðgerðir til að afhýða, taka steina úr og skurn af ávöxtum, hnetum og grænmeti;
- i) skerping, einföld slípun eða einfaldur skurður;
- j) sigtun, sáldun, sundurgreining, flokkun, velja saman (þar á meðal að setja hluti í samstæður);
- k) einföld setning á flöskur, í dósir, poka, öskjur, kassa, á spjöld eða töflur og allar aðrar einfaldar pökkunaraðgerðir;
- l) festing merkja, miða, kennimerkja og annarra slíkra auðkenna á framleiðsluvörur eða umbúðir þeirra;
- m) einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um er að ræða ólíkar vörur eða ekki;
- n) einföld samsetning vöruhluta þannig að úr verði fullgerð framleiðsluvara eða sundurhlutun framleiðsluvara;
- o) sambland tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í a- til n-lið;
- p) slátrun dýra.

2. Litið skal á allar aðgerðir, sem fara fram á EES-svæðinu á tiltekinni framleiðsluvöru sem eina heild þegar ákvarðað er hvort aðvinnsla hennar teljist ófullnægjandi í skilningi 1. mgr. “;

3. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 19. gr.:

„19. gr. a

Aðskilið bókhald

1. Efaðgreining vörubirgða upprunaefna og sams konar efna, sem teljast ekki upprunaefni, sem skipta má út hvert fyrir annað leiðir til verulegs kostnaðar eða áþreifanlegra erfiðleika er tollyfirvöldum heimilt að leyfa svokallað „aðskilið bókhald“ vegna stjórnunar slíkra birgða, komi fram skrifleg beiðni um það frá viðkomandi aðilum.

2. Með þessari aðferð verður að vera unnt að tryggja að magn framleiðsluvöru sem telja má upprunavöru sé hið sama á tilteknu viðmiðunartímabili og fengist hefði ef vörubirgðum hefði raunverulega verið skipt upp.

3. Tollyfirvöld geta veitt slíkt leyfi með þeim skilyrðum sem þau telja nauðsynleg.

4. Þessa aðferð skal skrá og nota á grundvelli almennra bókhaldsreglna í framleiðslulandi vörunnar.

5. Handhafi leyfisins getur gefið út eða notað sannanir um uppruna, eftir því sem við á, fyrir það magn vörunnar sem telja má upprunavöru. Hann skal leggja fram, að beiðni tollyfirvalda, yfirlýsingu þar sem fram kemur með hvaða hætti magninu hefur verið stýrt.

6. Tollyfirvöld skulu hafa eftirlit með notkun leyfisins og þeim er heimilt að afturkalla það ef handhafi þess nýtir það með óviðeigandi hætti eða fullnægir ekki einhverju þeirra skilyrða sem mælt er fyrir um í þessari bókun.“

4. Á eftir orðinu „útflytjandi“ í fyrsta málslíð 1. mgr. 21. gr. bætist við „sem nefnist hér á eftir „viðurkenndur útflytjandi“.

5. Eftirfarandi komi í stað 30. gr.:

„30. gr.

Fjárhæðir gefnar upp í evrum

1. Þegar vörureikningur er í öðrum gjaldmiðli en evrum skulu lönd, sem um getur í 3. gr., ákveða, að því er varðar beitingu ákvæða b-liðar

1. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 25. gr., árlega fjárhæðir í innlendum gjaldmiðli sem eru jafngildar fjárhæðum sem eru gefnar upp í evrum.

2. Ákvæði b-liðar 1. mgr. 20. gr. eða 3. mgr. 25. gr. gilda um vörusendingu með hliðsjón af þeim gjaldmiðli sem vörureikningurinn er gefinn út í og á grundvelli þeirrar fjárhæðar sem viðkomandi land hefur ákveðið.

3. Fjárhæðir í innlendum gjaldmiðli skulu vera jafngildar fjárhæðum sem eru gefnar upp í evrum fyrsta virkan dag í október. Senda skal framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins upplýsingar um fjárhæðirnar eigi síðar en 15. október og skulu þær gilda frá 1. janúar á næsta ári. Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins skal tilkynna öllum viðkomandi löndum um þessar fjárhæðir.

4. Landi er heimilt að námunda fjárhæð að loknum umreikningi á fjárhæð sem er gefin upp í evrum yfir í innlendan gjaldmiðil. Námunduð fjárhæð má ekki breytast vegna umreikningsins um meira en 5 af hundraði til hækkunar eða lækkunar. Landi er heimilt, þegar sú leiðrétting sem kveðið er á um í 3. mgr. er gerð, að halda óbreyttri fjárhæð í innlendum gjaldmiðli sem jafngildir fjárhæð sem er gefin upp í evrum ef umreikningur fjárhæðarinnar leiðir til minni hækkunar en 15 af hundraði á innlendum gjaldmiðli áður en fjárhæðin er námunduð.

5. Sameiginlega EES-nefndin skal endurskoða fjárhæðir, sem eru gefnar upp í evrum, að beiðni samningsaðilanna. Við þá endurskoðun skal nefndin meta hvort æskilegt er að varðveita áhrif gildandi takmarkana fjárhæða á föstu verði. Hún getur hvað þetta varðar ákveðið að breyta fjárhæðum sem eru gefnar upp í evrum.“;

6. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka:

texta í færslum undir ST-númerum nr. 5309 til 5311 er breytt sem hér segir:

5309 til 5311	Ofinn dúkur úr öðrum textíltrefjum úr jurtaríkinu; ofinn dúkur úr pappírgarni - Með gúmmíþræði - Annað	Framleiðsla úr einþráða garni ⁽¹⁾ Framleiðsla úr ⁽¹⁾ - kókosgarni, - jútugarni, - náttúrlegum trefjum, - tilbúnum stuttrefjum, hvorki kembdum né greiddum eða unnum á annan hátt undir spuna, - kemiskum efnum eða textílmassa, eða - pappír eða þrykking ásamt að minnsta kosti tveimur aðgerðum til undirbúnings eða fullvinnslu (svo sem þvottur, bleiking, mersivinnsla, hitun, ýfing, pressun, afhleyping, straufríjun, „decatizing“, gegndreyping, viðgerð og hnökrahreinsun), enda sé verðmæti óþrykks dúks sem notaður er ekki yfir 47,5% af verks miðjuverði framleiðsluvörunnar	
----------------------	---	--	--

- (1) Sjá skýringu nr. 5 í inngangsaflanum um sérstakar reglur um framleiðsluvörur úr blönduðum textílum.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 22. desember 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

G. S. Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P. K. Mannes

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.